



Staða ríkisfjármála áfram mjög erfið

Samþykkt fjárlaga og fjáraukalaga

Á síðustu dögum þingsins voru samþykkt fjáraukalög fyrir árið 2013 og fjárlög fyrir árið 2014. Raunveruleg staða ríkisfjármála skýrðist töluvert við þetta hvort tveggja.

Fjáraukalög

Samkvæmt fjáraukalögum mun halli á rekstri ríkisins á árinu 2013 aukast úr 3,6 ma.kr. sem áætlaður var í fjárlögum upp í 19,7 ma.kr. Endanlegur halli á árinu 2013 mun verða meiri og var þannig boðaður um 25 ma.kr. halli í frumvarpi um fjáraukalög. Á síðustu árum hefur útgjaldaauki frá fjáraukalögum til ríkisreiknings verið verulegur þannig að endanlegur halli hefur verið mun meiri en fjáraukalög hafa gefið til kynna.


Ástæður þessarar miklu aukningar á halla voru aðallega að tekjur hafa reynst talsvert minni en áætlað var, en gjöldin voru einnig aðeins lægri en áætlun. Áætlaðar tekjur hafa þannig verið 3,4% lægri en áætlað var, sem nemur 20 ma.kr. Gjöldin voru hins vegar 0,6% lægri en áætlað var.

Þetta er nokkur breyting frá síðustu tveimur fjáraukalögum, en í þeim báðum hækkðu bæði tekjur og gjöld frá fjárlögum og gjöldin mun meira.

Við framlagningu fjáraukalaga leit út fyrir að tekjuminnkun yrði meiri en síðar varð. Hagstæðari tölur um hagvöxt á árinu 2013 löguðu stöðuna nokkuð, en hluti af tekjuminnkuninni kom þó til vegna sérstakra ákvarðana. Þannig varð áætluð sala eigna tæpum 4 ma.kr. minni en reiknað var með og er þetta annað árið í röð sem næstum öll áætluð sala eigna í fjárlögum er dregin til baka í fjáraukalögum. Það lítur því þannig út að þessi tekjuliður hafi verið óviss allan tímann og ekki sérlega trúverðugt að byggja fjárlagagerð ríkisins á viðlíka hæpnum forsendum.


Benda má á fleiri álíka liði í fjáraukalögum sem gera stöðuna betri en ella. Þannig lækka vaxtagjöld um u.þ.b. 10 ma.kr. frá fjárlögum sem er einungis bókhaldsleg breyting. Þá má einnig benda á að 13

Frávik fjáraukalaga frá fjárlögum



Heimild: Fjárlög, Fjáraukalög, Hagfræðideild

Áætluð sala eigna og niðurstaða



Heimild: Fjárlög, Fjáraukalög, Hagfræðideild



ma.kr. framlag sem veitt var til Íbúðalánasjóðs á árinu hefur ekki verið færð til rekstrar, sem væntanlega verður gert í ríkisreikningi. Ætla má að halli ársins 2013 verði því töluvert meiri en fjárlagalögin gera ráð fyrir.

Hallalaus fjárlög

Fjárlög fyrir árið 2014 voru samþykkt með afgangi upp á rúma 0,9 ma.kr. sem er um 0,5 ma.kr. meiri afgangur en gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu.

Eins og við mátti búast tók frumvarpið töluverðum breytingum í meðförum þingsins. Þar má nefna aukin framlög til heilbrigðismála og skerðingu vaxtabóta hjá þeim sem hafa hæstar tekjur. Fallið var frá lækkun barnabóta og gert er ráð fyrir framlengingu tímabundinnar heimildar til að taka út séreignarsparnað sem mun skila ríkissjóði auknum tekjum.

Vafasamir liðir/þunnur ís


Áður hefur verið bent á að hallalaus fjárlög byggja ekki einungis á raunstærðum. Þannig er t.d. reiknað með að fjármagnsútgjöld ríkisins muni lækka um rúma 10 ma.kr. með því að endurskoða skilmála skuldabréfs sem gefið var út til þess að styrkja eiginfjárstöðu Seðlabanka Íslands. Þau mál hafa ekki enn verið útkljáð þannig að þeim lið fylgir enn nokkur óvissa.

Í meðförum þingsins var aðhaldskrafa gagnvart ráðuneytunum aukin og þeim gert að lækka kostnað. Enn er eftir að útfæra þennan niðurskurð. Þá má einnig nefna fasta vandamálaliði ríkisfjármálanna Íbúðalánasjóð og lífeyrisskuldbindingar, en í báðum þeim tilvikum er ljóst að um verulega útgjaldaþörf verður að ræða á næstu árum. Í fjárlögum þessa árs er þó ekki gert ráð fyrir verulegri sölu eigna ríkisins eins og gert var í tveimur síðustu fjárlögum og svo virðist sem fyrri áætlanir um eignasölu séu taldar óraunhæfar.

Höfuðstólslækkun húsnæðislána


Miklar breytingar voru gerðar á fjárlagafrumvarpinu í þriðju umræðu þegar stórar fjárhæðir voru teknar inn bæði tekju- og gjaldamegin vegna aðgerðaráætlunar ríkisstjórnarinnar um höfuðstólslækkun verðtryggðra húsnæðislána. Árleg velta ríkissjóðs verður því um 21 ma.kr. meiri en ella á næstu fjórum árum vegna þessara aðgerða. Ekki er

Áætluð rekstrarniðurstaða ríkisins 2013



Heimild: Frumvarp til fjárlagalaga 2013, Hagfræðideild

Heildarjöfnuður ríkissjóðs



Heimild: Ríkisreikningur 2010-2012, fjárlagalög 2013, fjárlög 2014



gert ráð fyrir að hrein áhrif á afkomu ríkissjóðs verði mikil, en á móti útgjöldum vegna niðurgreiðslu höfuðstóls á að koma hækkun bankaskatts sem einnig á að leggjast á fjármálastofnanir í slitameðferð.

Reiknað er með að árlegar skatttekjur ríkissjóðs af bankaskatti hækki um u.þ.b. 23 ma.kr. næstu fjögur árin til viðbótar þeim 14,3 ma.kr. sem þegar hafði verið reiknað með í fjárlagafrumvarpinu. Áætlað er að ráðstafa 20 ma.kr. til lækkunar höfuðstóls og til greiðslu á vanskilum, vöxtum og vaxtabótum af húsnæðisskuldum. Þá er áætlað að ráðstafa 2–4 ma.kr. til að mæta lækkun á tekjuskatti einstaklinga vegna aukins skattafláttar af greiðslum í séreignarlífeyrissjóði og öðrum kostnaði sem fellur til vegna aðgerðanna.

Ekkert af þessu er enn í hendi. Líklegt er að deilt verði um áætlaðan bankaskatt og þá þarf Alþingi að ákvarða árlega um 20 ma.kr. framlag til skuldaniðurfærslunnar til þess að áform stjórnvalda gangi upp. Það ríkir því óneitanlega nokkur óvissa áfram um þessa liði á fjárlögum.


Það þarf að halda vel á spöðunum

Saga síðustu ára segir að það sé langt á milli áforma í fjárlögum og endanlegrar niðurstöðu. Það þarf því að halda mjög vel á spöðunum ef þessar áætlanir eiga að ganga eftir. Það hefur verið nær ófrávíkjanleg regla að útgjöld hafi aukist frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlögum og nemur umframeyðslan 12% að meðaltali undanfarin 10 ár. Boðað hefur verið að frumvarp um opinber fjármál verði lagt fram á þessu þingi þar sem leitast yrði við að styrkja allt fjárlagaferlið og umgjörð fjárlaga. Vonandi eru ríkisfjármálin á réttri leið

Samanburður við fyrri áætlanir


Í áætlun stjórnvalda og AGS frá árinu 2011 var gert ráð fyrir að heildarjöfnuður ársins 2014 yrði 17 ma.kr. og um 32 ma.kr. á árinu 2015. Niðurstaða fjárlaganna nú og áætlana næstu ára eru langt frá þeim markmiðum. Upphafleg markmið samstarfsáætlunar stjórnvalda og AGS hafa ekki náðst, en vonandi fer þróunin að snúast til réttar áttar.

Áætlanir stjórnvalda um heildarjöfnuð ársins 2014



Heimild: Fjárlagafrumvörp árána 2011-2014

Skuldir ríkissjóðs án lífeyrisskuldbindinga



Heimild: Hagstofa Íslands



Skuldir

Skuldir ríkissjóðs án lífeyrisskuldbindinga hafa hækkað um 1.190 ma.kr. frá árslokum 2007.

Uppsafnaður hallarekstur ríkissjóðs á árunum 2008-2013 mun nema um 640 ma.kr., eða rúmum helmingi þessarar skuldaaukningar. Aðrar skuldir eru tilkomnar vegna t.d. aukningar gjaldeyrisforðans, endurfjármögnunar Seðlabankans og endurreisnar bankakerfisins. Ríkið á því verulegar eignir á móti þeirri skuldaaukningu, en það ætti að vera dagljóst að það verður að ná umtalsverðum afgangi í rekstri ríkissjóðs til þess að hægt sé að lækka skuldir að einhverju marki á næstu árum.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.